

## REGLUGERÐ

**um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/4 frá 11. desember 2018 um framleiðslu á lyfjablönduðu fóðri, setningu þess á markað og notkun, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005 og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/167/EBE.**

1. gr.

*Innleiðing.*

Með reglugerð þessari er eftirtalin Evrópuþinggerð innleidd í íslenskan rétt:

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/4 frá 11. desember 2018 um framleiðslu á lyfjablönduðu fóðri, setningu þess á markað og notkun, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005 og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/167/EBE, sem vísað er til í lið 10 í hluta 7.1 í I. kafla og lið 31m í II. kafla I. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2021 frá 19. mars 2021, öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka samningsins, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 26, frá 8. apríl 2021, bls. 161-183.

2. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 3. mgr. 109. gr. lyfjalaga nr. 100/2020, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðisráðuneytinu, 16. mars 2023.*

**Willum Þór Þórsson.**

*Ásthildur Knútsdóttir.*

B-deild – Útgáfudagur: 5. apríl 2023